



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Desember 2017



29. nóvember 2017

4. tbl. 7. árg

Til umhugsunar:

- *Gleði*
- *Samvera*
- *Jákvæðni*
- *Jólabros*

Efnisyfirlit:

<i>Desember 2017</i>	1
<i>Desemberskipulag</i>	2
<i>Matartorg</i>	2
<i>Dót í skólann</i>	2
<i>1. desember 2017</i>	2
<i>Litlu jólin</i>	3
<i>Skólastarf</i>	3
<i>Helstu viðburðir</i>	3
<i>Skólahald 2017-18</i>	4
<i>Jólaþveðja</i>	4
<i>Mynd augna- blikisins</i>	4

Veturkonungur minnti hressilega á sig í síðustu viku, skólahald felldi niður á föstudag vegna óveðurs en vonandi hafa allir notið dagsins við kakó og kertaljós. Desembermánuður innar seilingar, aðventan og fallegu jólaþjónir sem lýsa upp skammdegið. Desember fylgir gjarnan spennu og eftirvænting og stundum örlar aðeins á kvíðanum þegar margt er í gangi og togað er í okkur úr öllum áttum. Því skiptir miklu máli að huga vel að samverunni og hlúa vel að fjölskyldunni því samvera fjölskyldunnar skiptir sköpum í nútíma samfélaginu okkar. Njóttum þess að gera aðventuna og hátíð jóla og áramóta að gæðatíma í stað þess að gleyma okkur í ys og þys nútímans.

Í skólanum er margt í gangi þennan síðasta skólamánuð almanaksársins. Nemendur fara í heimsóknir, fá heimsóknir og bralla margt í skólastofunni sem tengist jólinum. Námið er þó umfram allt það sem skiptir máli og því gleymum við ekki en leggjum okkur fram um að tengja leik og nám saman svo úr verði ein heild. Lesturinn skiptir alltaf jafn miklu máli og því hvetjum við alla til að lesa saman á þessum tíma.

Í skólanum eru einnig atburðir sem brjóta upp venjubundið skipulag og má þar nefna útlit Glerárskóla sem er í loftinu þessa vikuna og margir nemendur koma að og litlu jólin sem verða dagana 19. og 20. desember.

Við minnum á að skólinn er alltaf opin forráðamönnum til að kíkja í heimsókn og taka þátt í skólalífinu.

**Við þökkum öllum fyrir ánægjulega samvinnu á liðnu ári.
Hlökkum til að taka á móti nýju ári með gleði og alúðarfestu.**

Gleðileg jól!

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Helga, Tómas Lárus og Aðalheiður



Desemberskipulag

27. nóv—1. des:

- 1. desember:** Sparimatur og betrifatadagur
Þjóðfundur í HA. Nemendur í 10. bekk
Ungmennafélag UNICEF í Hofi.

4.—8. des:

- 4. desember:** Stúfur snýr aftur. 3. og 4. bekkur.
7. desember: Náttafata og bangsadagur
Dagur íslenskrar tónlistar

11.—15. des:

- 11. desember:** Laufabrauð á yngsta stigi í fyrstu lotu
12. desember: Frístund, opið hús, kakó og piparkökur
13. desember: Jólastöðvavinna á yngsta stigi
14. desember: Söngsalur— yngsta stig

18.—20. des:

- 18. desember:** Félagsvist á miðstigi
19. desember: Halldórmótið í sundi—miðstig
19. desember: Félagsvist á unglingstigi
19. desember: Litlu jóla 7. – 10. bekk kl. 19:30 – 21:00
20. desember: Litlu jóla 1. – 3. bekkur kl. 8:15 - 9:45
Litlu jóla 4. – 6. bekkur kl. 9:30 - 11:00
(4. bekkur sér um jólaatriði á báðum litlu jólum dagsins)

Frístund:

Þann 20. desember er Frístund opin fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir frá kl. 8:15 – 16.
(Athugið að foreldrar geta skráð öll börn úr 1. – 4. bekk á tímabilinu 8:15 – 13:15)

GLERÁRVISION

Okkar árlega söngkeppni var haldin með stæl mánudaginn 27. nóv. Nemendur í 7. – 10. stigu á sviði með skemmtileg og vel útfærð söng og dansatriði. Ásamt því að nokkrir nemendur voru með skemmtiatriði eins og dans, fiðluleik og söng. Það var 8 SM sem var sigurvegari Glerárvision þetta árið.

Matartorg

Skráning fyrir janúar 2018 þarf að fara fram frá 7. - 14. desember 2017. Þeir sem vilja hætta eða breyta áskrift í mat/mjólk/ávöxtum/frístund þurfa að gera það á sama tíma.

Dót í skólanum

Kæru forráðamenn! Viljum benda á að nemendur eiga að skilja öll leikföng, s.s. bolta og aðra slíka hluti eftir heima nema þegar um sérstaka „dótadaga“ er að ræða. Þetta á einnig við um sleða og snjóbretti. Vinsamlega takið tillit til þess.

1. desember 2017

Haldinn verður þjóðfundur í Háskólanum á Akureyri. Þangað er stefnt stórum hluta nemenda í 10. bekk á Akureyri. Umræðuefnið er jafnréttismál og munum krakkarnir vinna saman í hópum. Í lok dagskrár kl. 13:45 verður Íslandsklukkunni hringt.

Í Hofi verður haldið Ungmennafélag UNICEF þangað fara nokkrir nemendur af unglingastigi. Þar verður unnið með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Skemmtilegur dagur framundan hjá nemendum.

Litlu jólin 2017

Litlu jól nemenda verða, líkt og undanfarin ár, þrískipt, dagana 19. og 20. desember n.k. Þá daga mæta allir í sínu finasta þússi á þessa hátíðlegu stund.

Mæting er í heimastofur þar sem nemendur eiga góða stund með umsjónarkennara. Þar á eftir er farið í matsal þar sem sungið er og dansað í kringum jólatré. Að því loknu ganga nemendur aftur til stofu og eiga gæðastund með kennara áður en haldið er í jólafrí. (sjá tímasetningar í desemberskipulagi hér að framan)



Við njótum aðeins til fulls þeirrar gleði sem við veitum öðrum

Skólastarf í desember

Við ítrekum að desembermánuður er venjubundinn mánuður í skólastarfinu og því þurfa nemendur að mæta með skólatöskur, íþróttaföt og annað það sem þeir nota á venjulegum skóladegi.

Helstu viðburðir í desember 2017 og janúar 2018

- 1. desember: Fullveldisdagur—góður matur og betri föt
- 7. desember: Náttfata og bangsadagur
- 12. desember: Frístund—opið hús—kakó og piparkökur
- 19. desember: Litlu jól unglingastigs að kvöldi
- 20. desember: Litlu jól miðstigs og yngstastigs—tvískipt að morgni
- 21. desember—3. janúar: Jólafrí nemenda

4. janúar 2018: **Skóli samkvæmt stundaskrá**

15. janúar 2018: Skipulagsdagur—nemendur í fríi

16.—17. janúar 2018: Viðtalsdagar

Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

Útvarp Glerárskóli

Pessa vikuna er Útvarp Glerárskóli í loftinu.

Sent er út á FM 105.5.

Nemendur sjá sjálfir um alla dagskrá og tæknimál.
Spurningabáttur, spjall og viðtöl auk tónlistar sem
ómar um alla ganga.

SKÓLAHALD Í GLERÁRSKÓLA ÁRIÐ 2018 HEFST
FIMMTUDAGINN 4. JANÚAR
SAMKVÆMT STUNDASKRÁ.

Jólaakveðja

*Glerárskóli óskar forráðamönnum og nemendum gleðilegra
jóla og farsældar á komandi ári.*

*Kærleikskveðja,
Starfsfólk Glerárskóla*

